



DET KONGELIGE
JUSTIS- OG BEREDSKAPSDEPARTEMENT

Justis- og beredskapsministeren

Postboks 8114 Dep
Til Nordisk råd

Deres ref.

Vår ref.
21/1478 - E/JH

Dato
09.08.2022

Svar við skriflegri fyrirspurn E 9/2022 um norrænt samstarf á sviði netöryggismála

Landsdeild Finnlands í Norðurlandaráði beindi eftirfarandi fyrirspurn til norrænu ríkisstjórnanna hinn 17. júní 2022:

Í hvaða atvinnugreinum hafa norrænu ríkin með sér samstarf um netöryggismál og hvernig er því samstarfi háttað? Hvaða samstarf yfir landamæri er fyrirhugað milli stjórnvalda og stofnana í norrænu ríkjunum í framtíðinni?

Svar:

Ég vil þakka landsdeild Finnlands fyrir aðkallandi og mikilvæga fyrirspurn. Ríkisstjórnir Norðurlandanna hafa veitt athygli áhuga og víðtækum stuðningi Norðurlandaráðs við samstarf á sviði netöryggismála á Norðurlöndum til að takast á við nýjar áskoranir á sviði öryggismála. Fyrirspurnin er einnig til vitnis um víðtækan stuðning almennings við aukið samstarf um öryggismál á Norðurlöndum.

Norrænu löndin eiga nú þegar gott samstarf á sviði netöryggismála. Almennt séð fer fram hagnýtt samstarf milli landanna á sviði netmála þar sem áhersla er lögð á að núverandi samstarfsfyrirkomulag sé ekki endurtekið nákvæmlega eins. Gott samráð er um netógnir og vinnu á sviði netöryggismála milli ráðuneyta dómsmála, samgangna, utanríkis- og varnarmála. Að auki fara fram eftir þörfum tvíhliða fundir milli Norðurlandanna, t.d. þegar þróuð er stefna í löndunum til að öðlast aukna innsýn í þróun aðgerða með meiru.

Norðurlöndin eiga einnig gagnlegt og árangursríkt samstarf á sviði netöryggismála við Eystrasaltsríkin. Löndin taka ár hvert þátt í NB8-fundum (átta norræn-baltnesku löndin) um netöryggismál, þar sem aðkallandi mál eru tekin til umræðu og löndin skýra frá

stöðu mála og forgangsatriðum. Áhersla er lögð á þekkingarmiðlun og samræmingu, bæði að því er varðar breytta þróun ógna, stefnumótun og vinnu í gangi hjá ESB, SP og NATO.

Einnig fer fram árangursríkt samstarf milli stofnana netöryggismála í löndunum og viðbragðsstofnana í norrænu ríkjunum. Aðgerðasveitirnar, viðbragðssveitir á sviði netvarna (Computer Emergency Response Team), eiga að koma í veg fyrir, uppgötva og taka á netárásum jafnharðan. Á vegum norrænu viðbragðssveitanna á sviði netvarna, Nordic CERT Cooperation (NCC), eru haldnir margir fundir ár hvert. Þar miðla norrænu ríkin þekkingu og reynslu á reglubundnum fundum stýrihópa og málþingum. Innan NCC er einnig miðlað mati á ógnum og sameiginlegum skilningi á aðstæðum.

Svipað samstarf má einnig finna á ákveðnum sviðum atvinnulífsins, m.a. á sviði fjármála á vettvangi Nordic Financial CERT. Sérstaða fjármálageirans á sviði mikilvægra stafrænna innviða veldur því að geirinn verður að geta varist netárásum. Af þeim sökum hefur fjármálageirinn á Norðurlöndum í heild sinni tekið höndum saman um sameiginlega aðgerðamiðstöð. Nordic Financial CERT er með aðalskrifstofu í Ósló og er til staðar í öllum norrænu ríkjunum.

Samstarf opinbera geirans og einkaaðila ræður einnig miklu fyrir netöryggi. Stjórnvöld, einkafyrirtæki og rannsóknar- og þróunaraðilar eiga réttmæta hagsmuni og bera ábyrgð við stjórnun stafræns rýmis. Norðurlöndunum er því mikið í mun að efla samstarf af þessum toga á alþjóðavettvangi.

Í norrænu varnarmálasamstarfi hafa netöryggismál hlotið aukið vægi á undanförunum árum. Í framtíðarsýn NORDEFCO 2025 stefna Norðurlöndin að auknum viðnámsþrótti gegn netógnum. Sú vinna fer meðal annars fram í vinnuhópnum um netvarnir (Cyber Defence) og sérskipaða vinnuhópnum um netfræðslu (Cyber Education). Netvarnamiðstöðin NATO Cooperative Cyber Defence Centre of Excellence (CCDCOE) í Eistlandi er einnig lykilvettvangur þar sem öll Norðurlöndin taka þátt í fjármögnun og útvegum starfsfólks.

Kveðja,

Emilie Mehl